



Stjórnarfundur FFR Fundargerð

Fæðu nr.: 2014 -2015: 2 • Dagsnám: 15.08 .2014 • Klukkan: 12:00. – 14:15 • Fundarstjóri: Bogli
Erhgsdóttir

Viðstödd: Borghildur Erlingsdóttir (BE), Kristín Linda Árnadóttir (KLÁ), Ingibjörg Sverrisdóttir (IS), Ársæll Guðmundsson (ÁG), Halldór Ó. Sigurðsson (HÓS), Sigríður Lilly Baldursdóttir (SLB). **Einnig mættu:** Steingrímur Ari Arason (SAA) og Kristín Völundardóttir (KV) frá starfskjaranefnd.

Forföll boðuðu: Gissur Pétursson (GP) og Guðjón S. Brjánsson (GSB).

1. Dagskrá funda fram að áramótum samstarf við Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála. BE kynnti tillögu að eftirfarandi fundarröð í samstarfi við Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála:

September: Flutningur ríkisstofnana.

Október: Fjárlögin 2015 – hefðbundinn fundur með þátttöku fjármálaráðherra.

Nóvember: Innri endurskoðun eða vistvæn innkaup

Janúar: Nýsköpunarverðlaun

2. Frumvarp til laga um opinber fjármál. FFR sendi umsögn um frumvarpið sem lagt var fram á síðasta þingi. Reiknað er með að það verði að nýju lagt fram á haustþingi og þá eitthvað breytt í kjölfar ábendinga. Mikilvægt að FFR komi aftur að umsögn við frumvarpið og ákveðið að hefja strax undirbúning að þeirri umsögn. KLÁ lagði fram meðfylgjandi tillögu að hópaskiptingu við þá vinnu. Stjórnarmenn röðuðu sér í hópana og munu leiða vinnu þeirra. Ákveðið að BE kalli einnig eftir aðkomu áhugasamra að hópavinnunni með tölvupósti til félagsmanna.

3. Kynning fjármálaráðuneytis á nýjum kjarasamningum fyrir stjórn FFR. Dagskrárlíðurinn féll niður vegna forfalla Gunnars Björnssonar frá fjármálaráðuneytinu.

4. Umfjöllun um forstöðumenn ríkisstofnana í fjölmiðlum. Fjölmiðlaumræðan hefur aðallega varðað stöðu fjárlagaliða stofnana á miðju ári og áætlaða stöðu þeirra í árslok verði ekki brugðist við með fjárlauka. Tilteknir forstöðumenn hafa þar verið gerðir ábyrgir fyrir svokallaðri „framúrkeyrslu“ sinna stofnana. Rætt var hvernig stjórn félagsins gæti komið frekar að málinu en BE hefur þegar í viðtali á RÚV brugðist við og útskýrt stöðuna í stuttu máli. Ákveðið m.a. af þessu tilefni að taka ráðningu, starfslok og flutning forstöðumanna upp sérstaklega á vettvangi stjórnar og e.t.v. að því loknu við fjármálaráðherra.

5. Önnur mál.

Heimasíða og facebook: ÁG tók að sér að sjá um heimasíðu félagsins og utanumhald um facebook. ÁG vakti máls á því að ekki væri skýr tilgangur félagsins með notkun facebook það þyrfti að skoðast og spurning væri t.d. um lagskipt aðgengi.

Dómsmálið: SAA rakti stöðu málsins en svo virðist sem einhver dráttur verði á fyrirtöku og ákv. hætta á að ekki fáið efnisdómur.

Stofnanasamningar: Óskað hefur verið eftir tilnefningu félagsins í nefnd fjármálaráðuneytisins um gerð stofnanasamninga. Ákveðið að tilnefna HÓS.

100 ára afmæli kosningaréttar kvenna: SLB vakti athygli á að á næsta ári verða 100 ár frá því að konur fengu kosningarétt og kjörgengi til Alþingis og hvatti til þess að skoðað væri hvort og þá hvernig félagið gæti tekið þátt í atburðum afmælisársins. IS gerði grein fyrir aðkomu Landsbókasafns að dagskrá ársins sem hún mun senda stjórn til upplýsingar. Engin ákvörðun tekin að sinni.

6. Næsti fundur ákveðinn miðvikudaginn 3. september kl. 12:00 – í Útlendingastofnun

Fleira ekki tekið fyrir – fundi slitið kl. 14:15.

Fundargerð ritaði SLB